

Mánudaginn 8. júní 1998.

Nr. 221/1998.

Ákærvaldið

(Bogi Nilsson ríkissaksóknari)

gegn

Sigurði Grétari Marinóssyni

(Kristinn Bjarnason hdl.)

Kærumál. Frávísunarúrskurður staðfestur. Ákærvald. Niðurfelling saksóknar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 8. maí 1998, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 26. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Suðurlands 8. maí 1998, þar sem fallist var á kröfu varnaraðila um, að máli ákærvaldsins á hendur honum yrði vísað frá dómi. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar og dómsálagningar.

Varnaraðili krefst staðfestingar úrskurðar héraðsdóms og kærumálskostnaðar úr ríkissjóði.

I.

Með ákæru 15. janúar 1998 krafðist sóknaraðili þess, að varnaraðila yrði gerð refsing fyrir brot á 209. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Er í hinum kærða úrskurði lýst rannsókn málsins og fyrri ákvörðun sóknaraðila um lok þess, og er þar tekið upp orðrétt bréf saksóknara við embætti ríkissaksóknara 29. júlí 1997 til sýslumannsins á Selfossi. Segir þar meðal annars, að með vísan til 112. gr. laga nr. 19/1991 sé eigi krafist frekari aðgerða í málinu af hálfu ákærvaldsins. Í niðurlagi bréfsins er lýst yfir því, að bréfitari telji ekki efni til að senda varnaraðila afrit þess, „þar sem þessi ákvörðun byggist á öðrum ástæðum en vafa um sök kærða“. Krafa í ákæru um, að varnaraðila verði gerð refsing, gengur samkvæmt þessu gegn fyrri ákvörðun sóknaraðila. Í greinargerð til Hæstaréttar í máli

Þessu vísar sóknaraðili einkum til þess, að varnaraðila hafi ekki verið tilkynnt ákvörðun um niðurfellingu málsins, og geti yfirlýsing í bréfi 29. júlí 1997 því ekki bundið hendur sóknaraðila um að krefjast þess nú, að varnaraðila verði gerð refsing. Er til stuðnings þessu vísað til 23. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Að þessu leyti standi öðruvísi á en í málum af sama toga, sem áður hafi komið til kasta Hæstaréttar, sbr. dóma hans 1995, bls. 791, og í máli nr. 228/1997 frá 9. júní á því ári. Í báðum tilvikum hafi sakborningum verið tilkynnt um ákvörðun að fella mál niður, áður en til útgáfu ákæru kom í framhaldi af því.

II.

Í áður nefndu bréfi 29. júlí 1997 er vísað til 112. gr. laga nr. 19/1991 sem stoð fyrir að falla frá saksókn. Er því ekki haldið fram, að ný gögn hafi eftir það komið fram í málinu. Samkvæmt áður nefndum fordæmum Hæstaréttar er ekki unnt að hverfa frá ákvörðun samkvæmt 112. gr. laga nr. 19/1991 um niðurfellingu saksóknar, án þess að fram komi ný sakargögn. Eins og sóknaraðili hefur hér staðið að málum, getur það ekki leitt til annarrar niðurstöðu í þessu máli, að varnaraðila var ekki tilkynnt um niðurfellingu þess. Er þá litið til þess, að samkvæmt 114. gr. laga nr. 19/1991 skal ákærandi, sem tekur ákvörðun um að fella mál niður, tilkynna það sakborningi. Í nefndu bréfi 29. júlí 1997 var hins vegar beinlínis tekið fram, að varnaraðila verði ekki sent afrit bréfsins. Leið að auki nærfellt hálft ár, frá því að ákvörðun um að fella málið niður var tekin, þar til ákæra var gefin út. Getur sú afstaða sóknaraðila að sniðganga fyrimæli 114. gr. laga nr. 19/1991 um að tilkynna um ákvörðunina ekki veitt honum meira svigrúm til að breyta henni en ef rétt hefði verið staðið að málum.

Samkvæmt öllu framanröktu verður niðurstaða hins kærða úrskurðar um frávísun málsins og sakarkostnað staðfest. Skal verjanda varnaraðila jafnframt greidd þóknun úr ríkissjóði vegna kærú málsins, eins og nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Þóknun skipaðs verjanda varnaraðila, Kristins Bjarnasonar

héraðsdómslögmanns, 35.000 krónur, vegna kærufessa máls greiðist úr ríkissjóði.

Úrskurður Héraðsdóms Suðurlands 8. maí 1998.

Ár 1998, föstudag 8. maí, er á dómþingi Héraðsdóms Suðurlands í málinu nr. S-004/1998: Ákærvaldið gegn Sigurði Grétari Marinóssyni, kveðinn upp úrskurður þessi.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 14. f. m. að undangengnum málflutningi um frávísunarkröfu ákærða, er höfðað hér fyrir héraðsdóminum með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 15. janúar 1998, á hendur Sigurði Grétari Marinóssyni, kt. 041057-5729, Selvogsbraut 37, Þorlákshöfn. Í ákæruskjali er ákæruatriðum lýst og dómkröfur tilgreindar með eftirgreindum hætti:

„... kynferðisbrot með því að hafa á tímabilinu frá 28. ágúst til 27. október 1996 um borð í togaranum Dalborgu, EA-317, þar sem ákærði og stúlkan E S S, kt. ..., voru í áhöfn og voru vaktfélagar, margsinnis sýnt stúlkunni kynferðislega áreitni af ýmsum toga, m. a. gefið henni titrara og boðist til að kenna henni notkun hans og að hafa aðfaranótt sunnudagsins 27. október 1996, er skipið lá við bryggju í Harbour Grace, Nýfundnalandi, komist inn í læstan klefa, þar sem stúlkan svaf ölvunarsvefni, káfað á kynfærum hennar, fært nærbuxur hennar niður á mið læri og lagst ofan á hana nakinn, en við þetta vaknaði stúlkan og hrópaði á hjálp, og stýrimaður kom á vettvang“. Telst þetta varða við 209. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 15. gr. laga nr. 40/1992. Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Við þingfestingu málsins 14. apríl sl. var af hálfu ákærða gerð sú krafa að svo stöddu, að máli þessu yrði vísað frá dómi og ríkissjóði gert að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun.

Af hálfu ákærvalds var frávísunarkröfu mótmælt og þess krafist, að málið yrði tekið til efnislegrar meðferðar.

Rannsókn máls þessa hófst hjá lögreglunni á Akureyri fimmtudaginn 6. mars 1997 með því, að tekin var skýrsla af kæranda og nokkrum vitnum. Málið var síðan 10. sama mánaðar sent lögreglunni á Selfossi, sem tók skýrslu af kærða 26. mars 1997.

Af hálfu sýslumannsins á Selfossi var málið nú sent ríkissaksóknara til fyrirsagnar, svo sem lög gera ráð fyrir. Með bréfi, dagsettu 29. júlí 1997, sendi ríkissaksóknaraembættið sýslmanninum á Selfossi svofellt bréf:

„Ríkissaksóknara hafa borist rannsóknargögn, sem fylgdu bréfi yðar, herra sýslumaður, dagsettu 8. apríl 1997, varðandi meint hegningarlagabrot

Sigurðar Grétars Marínóssonar, kt. 041057-5729, Selvogsbraut 37, Þorláks-
höfn.

Með vísan til 112. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991 er eigi
krafist frekari aðgerða í málinu af ákæruvaldsins hálfu.

Frumrit málsskjala endursendast. Undirritaður telur ekki efni til að
senda kærða afrit þessa bréfs, þar sem þessi ákvörðun byggist á öðrum
ástæðum en vafa um sök kærða.“

Undir bréf þetta ritar Björn Helgason saksóknari.

Með bréfi, dags. 17. september 1997, óskar lögmaður kæranda eftir því
við sýslumanninn á Selfossi að fá send öll gögn málsins, og eru honum send
gögnin með bréfi, dagsettu 16. október 1997. Í framhaldi af því sendir lög-
maður kæranda ríkissaksóknara bréf, þar sem kvartað er yfir afgreiðslu
málsins, og segir m. a. í bréfinu:

„Undirrituð óskar hér með eftir því, að embætti yðar endurskoði ákvörð-
un þessa nú þegar. Auk þess er óskað eftir skýringum á, hvers vegna málið
var felld niður á grundvelli 112. gr. oml., ef ekki er vafi um sök kærða.“

Viðbrögð ríkissaksóknara voru þau, að 15. janúar 1998 var gefin út af
Ragnheiði Harðardóttur, settum saksóknara, ákæra sú, sem er grundvöllur
máls þess, sem hér er til meðferðar.

Niðurstaða.

Með ákvörðun sinni 29. júlí 1997 felldi ríkissaksóknari niður mál þetta á
hendur Sigurði Grétari Marínóssyni með vísan til 112. gr. laga nr. 19/1991. Í
þeirri lagagrein segir:

„Þegar ákærandi hefur fengið gögn máls í hendur og gengið úr skugga
um, að rannsókn sé lokið, athugar hann, hvort sækja skuli mann til sakar
eða ekki. Ef hann telur það, sem fram er komið, ekki nægilegt eða líklegt
til sakfellis, lætur hann við svo búið standa, en ella leggur hann málið fyrir
dóm skv. 116. gr.“ Enda þótt saksóknari reisi ákvörðun sína um niðurfell-
ingu á framangreindri grein, segir hann þó í bréfi sínu: „þar sem þessi
ákvörðun byggist á öðrum ástæðum en vafa um sök kærða“.

Samkvæmt 114. gr. oml. ber saksóknara að tilkynna sakborningi ákvörð-
un sína um niðurfellingu máls, en þar segir í 1. mgr.:

„Nú er mál felld niður skv. 112. gr. eða fallið er frá saksókn skv. 113. gr., og
skal ákærandi, sem þá ákvörðun tók, tilkynna sakborningi hana og, ef því
er að skipta, þeim, sem misgert hefur verið við. Í tilkynningu skal tiltekið,
við hvaða lagaheimild ákvörðunin styðst.“ Þótt saksóknari hafi vanrækt þá
skyldu sína, sem lögfest er með fyrrgreindri 114. gr., verður ekki fallist á, að
það valdi því, að ákvörðun hans um niðurfellingu málsins sé ógild.

Ákvörðunin um niðurfellingu er tekin á formlega réttan hátt af saksókn-

ara. Ekki verður fundin í lögum nein heimild fyrir saksóknara til að ógilda eða fella niður ákvarðanir, sem hliðsettur saksóknari hefur tekið, og því ekki verið haldið fram, að ný gögn hafi komið fram í málinu. Ekki verður talið, að unnt sé að lögjafna frá þeirri heimild ríkissaksóknara að ógilda ákvarðanir lögreglustjóra samkv. 3. mgr. 28. gr. laga nr. 19/1991, og er enda í fyrrgreindri lagagrein þess krafist, að mál skuli höfðað að nýju innan tveggja mánaða, frá því að ákvörðun lögreglustjóra var tekin, en ákæra í máli því, sem hér er til umfjöllunar, var gefin út fimm og hálfum mánuði eftir, að málið hafði verið fellt niður.

Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, brestur saksóknara lagaheimild til þess að ógilda ákvarðanir annars saksóknara, án þess að ný gögn hafi komið fram í málinu. Ber því að vísa máli þessu frá dómi. Sakarkostnaður, þar með talin málflutningslaun skipaðs verjanda ákærða, greiðist úr ríkissjóði, eins og nánar greinir í úrskurðarorði.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Þóknun skipaðs verjanda varnaraðila, Kristins Bjarnasonar hdl., 30.000 kr., greiðist úr ríkissjóði.
